

**MINNISBLAÐ****Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 13. september 2022**

Þann 13. september var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 94,5% grunnstöðugilda í leikskólum, um 98,5% í grunnskólum og um 78% í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 90,3 grunnstöðugildi í leikskólum, 35,4 stöðugildi í grunnskólum og 59,3 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Vesturbær- Miðborg/Hlíðar	Samtals
Leikskóli	16,0	10,5	9	25,8	29,0	90,3
Grunnskóli	3,0	6,0	1,7	4,5	20,2	35,4
Frístundaheimili/Sértækar félagsmiðstöðvar	10,8	8,5	7,7	23,3	9,0	59,3
Fjöldi stm í fríst.starfi	22	17	16	36	18	109

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 13. september 2022

Í leikskóla á eftir að ráða í 90,3 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 122 stöðugildi þann 25. ágúst síðastliðinn og 66,5 stöðugildi 9. september 2021. Að auki á eftir að ráða í samtals 31,5 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf. Þau stöðugildi hafa ekki áhrif á inntöku barna í leikskóla. Samtals á því eftir að ráða í 121,8 stöðugildi sem er fækkun frá 153,7 stöðugildi þann 25. ágúst síðastliðinn. Þegar horft er á grunnstöðugildin er búið að fullmanna um helming allra leikskólanna, í um fimmtung á eftir að ráða í hálft til eitt stöðugildi og í annan fimmtung á eftir að ráða í 2-3 stöðugildi. Sjö leikskólar eiga eftir að ráða í fjögur eða fleiri grunnstöðugildi, þar af eru þrír leikskólar sem eru nýir eða verið er að stækka og eiga þeir enn eftir að ráða samtals í tæp 25 stöðugildi. Ef horft er framhjá þessum þremur leikskólum á eftir að ráða í alls 66 grunnstöðugildi sem er sama staða og fyrir ári.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 35,4 stöðugildi samanborið við 57,5 stöðugildi þann 25. ágúst síðastliðinn og 24,7 stöðugildi þann 9. september 2021. Ráðið hefur verið í 98,5% stöðugilda miðað við fulla mönnun. Þetta er sambærilegt við fyrri ár og í raun í takti við að á hverjum tímapunkti er alltaf einhver starfsmannavelta m.a. vegna leyfa starfsfólks.



Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 59,3 stöðugildi eða um 109 starfsmenn samanborið við 83,7 stöðugildi þann 25. ágúst síðastliðinn og 35,9 stöðugildi þann 9. september 2021. Ráðið hefur verið í 78% stöðugilda samanborið við 70% þann 25. ágúst síðastliðinn og 86,7% þann 9. september 2021. Aðeins 5 frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar af 42 hafa náð fullri mönnun. Af þeim 4.305 börnum sem eru með virka umsókn eru 677 börn á biðlista. Í hlutavistun eru 652 börn þ.e. börnum hefur verið boðin a.m.k. einn eða fleiri dagar en ekki allir þeir dagar sem sótt hefur verið um. Með þessum hætti er hægt að bjóða t.d. tveimur börnum 2 eða 3 daga í stað þess að eitt barn fái úthlutað 5 dögum og öðru barni engum dögum. Um leið og tekist hefur að ráða í fleiri störf er börnunum boðnir fleiri dagar. Flest frístundaheimilanna hafa náð fullri umbeðinni vistun í 1. og 2. bekk en aðeins lengra er í land í 3. og 4. bekk.

Staðan á ráðningum er tekin til að fylgjast með hvernig gengur að ráða og styðja þá starfsstaði sem eru í meiri mönnunarvanda sem getur m.a. haft áhrif á getu þeirra til að taka inn börn sem búið er að bjóða þjónustu. Niðurstöðurnar eru m.a. nýttar til að ákveða auglýsingaherferðir og mannauðsráðgjafar, fagstjórar og deildarstjórar barnastarfs í borgamiðstöðvunum fá upplýsingarnar til þess að geta haft betri yfirsýn og stutt sína starfsstaði eftir fremsta megni.

Ráðningarnar standa yfir. Næsta úttekt verður um miðjan október 2022.



Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

	Aðstoðar-leikskólastjóri	Grunnstöðugildi á deildum	Sérkennslu-stjóri	Úthlutuð sérkennsla
Árbær/Grafarholt	1,0	8,0	0,0	7,0
Breiðholt	0,0	7,0	1,0	2,5
Grafarvogur/Kjalarnes	0,0	7,0	1,0	1,0
Laugardalur/Háaleiti	1,0	19,0	1,5	4,3
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	3,0	19,0	1,0	6,0
Samtals	5,0	60,0	4,5	20,8

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir hverfum og tegund starfa

	Afleysing vegna undirbúnings	Veikinda-afleysing	Matráður í eldhúsi ef við á	Aðstoðarmaður í eldhúsi ef við á
Árbær/Grafarholt	1,0	1,5	0,0	1,0
Breiðholt	5,0	2,0	0,0	0,0
Grafarvogur/Kjalarnes	4,5	2,0	0,0	0,0
Laugardalur/Háaleiti	2,5	3,0	0,0	1,0
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	5,0	2,0	0,0	1,0
Samtals	18,0	10,5	0,0	3,0

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir hverfum og tegund starfa

Grunnskólar

	Kennarar	Mötuneyti	Skólaliðar	Stuðnings-fulltrúar	Skrifstofa	Þroska-þjálfari	Milli-stjórnendur	Alls
Árbær/Grafarholt	1,0	0,0	0,0	1,0	0,0	1,0	0,0	3,0
Grafarvogur/Kjalarnes	1,0	0,0	0,0	0,7	0,0	0,0	0,0	1,7
Laugardalur/Háaleiti	2,5	1,0	0,0	1,0	0,0	0,0	0,0	4,5
Breiðholt	0,0	0,0	0,0	3,0	1,0	2,0	0,0	6,0
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	9,0	0,0	2,5	7,4	0,0	1,0	0,3	20,2
Samtals	13,5	1,0	2,5	13,1	1,0	4,0	0,3	35,4

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda í grunnskólum sem á eftir ráða í eftir hverfum og tegund starfa



Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna
Árbær/Grafarholt	10,8	22		
Breiðholt	6,5	13	2	4
Grafarvogur/Kjalarnes	6,7	14	1	2
Laugardalur/Háaleiti	11,5	23	11,8	13
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	9	18		
	44,45	90	14,8	19

Tafla 3 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir hverfum.

	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af hlutavistun	Biðlisti	Hlutfall barna á biðlista
Árbær/Grafarholt	783	532	68	251	32,1%
Breiðholt	673	592	170	81	12,0%
Grafarvogur/Kjalarnes	682	542	81	140	20,5%
Laugardalur/Háaleiti	1.222	1.116	308	106	8,7%
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	945	846	25	99	10,5%
	4.305	3.628	652	677	15,7%

Tafla 6 - Fjöldi barna, samþykktra barna, hlutfall samþykktra í hlutavistun, fjöldi barna á biðlista, hlutfall á biðlista